

Umsögn til nefnda Alþingis

Varðar tillögu til þingsályktunar um þriðja orkupakkann (777. mál) og frumvarp um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (782 mál).

Undirritaður hefur kynnt sér ofangreinda þingsályktunartillögu og fylgifrumvarp með henni um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun. – Eftirfarandi umsögn vil ég koma á framfæri við nefndir þingsins sem um málið fjalla.

- 1. Orkupakka 3 verði hafnað.** Ég tel að alls ekki eigi að lögleiða orkupakka 3 hér á landi. Fallist Alþingi ekki á þetta ber ég fram þá eindregnu ósk að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla áður en Alþingi tekur málið til afgreiðslu.
- 2. Þjóðareign auðlinda grundvallaratriði.** Ísland hefur, skv. 103. gr. EES-samningsins, skýlausan rétt á því að hafna upptöku þeirra gerða sem orkupakkinn fjallar um. Verði á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar reynt að leita „sátta“, með vísan til 102. gr. samningsins, ber íslenskum stjórnvöldum að krefjast varanlegrar undanþágu varðandi alla þætti, sem lúta að orkumálum. Vísa má m.a. til þess að „*sameiginlegur orkumarkaður Evrópusambandsins var ekki hluti af EES-samningnum*“ (Sjá 3. tölulið í umsögn Jóns Baldvins Hannibalssonar um þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar.)
- 3. Orkustofnun verði ekki ofurseld erlendu valdi.** Ef stigið yrði það ógæfuspor að breyta núverandi Orkustofnun í yfirþjóðlega valdastofnun sem heyrir undir ACER (samstarfsnefnd eftirlitsaðila á orkumarkaði), sbr. mál nr. 777, myndi sú stofnun fá heimild til að taka lagalega bindandi ákvarðanir um skipan orkumála hér á landi. Slíkt væri ekki aðeins skýlaust brot á íslensku stjórnarskránni heldur væri einnig verið að framselja til Evrópusambandsins réttinn til að taka veigamiklar ákvarðanir í orkumálum Íslands.
- 4. Umræðan um sæstreng.** Enda þótt lögleiðing 3. orkupakkans feli ekki með beinum hætti í sér samþykki við áform um tengingu íslensks orkukerfis við orkumarkað Evrópu er ljóst að það að gera Orkustofnun að 'útibúi' erlendrar valdastofnunar (sbr. 3. lið) býður þeirri hættu heim að íslensk stjórnvöld fái í reynd litlu um það ráðið hvort lagður verði á næstu árum sæstrengur héðan til Evrópu. Með samþykkt þingsályktunartillögunnar yrðu vopnin lögð í hendur þeirra íslensku og erlendu aðila sem um árábil hafa unnið að undirbúningi vegna lagningar sæstrengs.
- 5. Íslenskir hagsmunir ráði för.** Á því leikur enginn vafi að ríki Evrópusambandsins og EES munu á næstu árum leggja áherslu á að komast yfir vistvæna orku frá Íslandi. Það er ærið viðfangsefni hérlendra umhverfisverndarsamtaka að vinna gegn ásókn hérlendra aðila í að reisa víða um land virkjanir undir 10 MW afli, þótt ekki komi að auki til þrýstingur frá erlendum valdastofnunum. Tenging við orkumarkað ESB myndi ótvírætt hafa í för með sér stórhækkun á verði raforku til heimila og fyrirtækja hér á landi. Reynsla Norðmanna í þessu efni er ótvíræð. Fyrir dreifbýli hér á landi, þar sem víða þarf að treysta á rafmagn til húshitunar, er ekki síst mikið í húfi að þessi áform nái ekki fram að ganga.

Varðandi þau atriði, sem ég hef hér dregið fram, vil ég minna á umsögn sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar til Alþingis vegna 3. orkupakkans sem samþykkt var á fundi hennar 24. apríl sl. Að henni stóðu allir 9 fulltrúar bæjarstjórnarinnar. – Ég get tekið undir hvert orð sem fram kemur í þessari umsögn.

Virðingarfyllst,
Gunnar Guttormsson,
Sóltúni 1, 105 Reykjavík